

# Gilbert & George

The Great Exhibition

06.08.2020–03.01.2021



# Við erum aðeins mannlegir myndhöggvarar

Við erum aðeins mannlegir myndhöggvarar sem lýsir sér þannig að við förum á fætur á hverjum degi, göngum stundum, lesum sjaldan, borðum oft, hugsum alltaf, reykjum í hófi, njótum skemmtunar, horfum, slökum á og sjáum, elskum öll kvöld, finnum ánægju-efni, hvetjum til lífs, berjumst gegn leiða, erum eðlilegir, dreymir dagdrauma, ferðumst, teiknum af og til, spjöllum, drekkum te, þreytumst, dönsum stundum, veltum heilmikið vöngum, gagnrýnum aldrei, blístrum hljómfagurt, deyjum mjög hægt, hlæjum taugaóstyrkir, heilsum kurteislega og bíðum eftir döguninni.

Gilbert & George 1970

# We are Only Human Sculptors

We are only human sculptors in that we get up every day, walking sometimes, reading rarely, eating often, thinking always, smoking moderately, enjoying enjoyment, looking, relaxing to see, loving nightly, finding amusement, encouraging life, fighting boredom, being natural, daydreaming, travelling along, drawing occasionally, talking lightly, drinking tea, feeling tired, dancing sometimes, philosophising a lot, criticising never, whistling tunefully, dying very slowly, laughing nervously, greeting politely, and waiting till the day breaks.

Gilbert & George 1970



# Inngangur

Tveir einstaklingar – einn listamaður. Í yfir fimmtíu ár hafa Gilbert & George skapað list þar sem þeir sjálfir eru í senn viðfangsefnið og verkið. Í The Great Exhibition hafa listamennirnir valið myndir sem endurspeglar list þeirra, álíka heillandi og hún er hugmyndarík.

Frá því að þeir hittust fyrst í Saint Martin-listaskólanum hafa Gilbert & George verið óaðskiljanlegir í vinnu og einkalífi. Þetta var árið 1967 og þótt í London væri allt að breytast létu Gilbert & George sér fátt um tískustrauma finnast. Í staðinn klæddu þeir sig óaðfinnanlega upp á – í „ábyrgðarfötin“ sín – og lögðu af stað í ferðalag þar sem þeir skoruðu viðteknar reglur lista og samfélags á hólum með því að virða allar hugmyndir um „góðan smekk“ að vettugi.

List þeirra er kjörkuð og beinskeytt og getur komið áhorfandanum úr jafnvægi. The Great Exhibition samanstendur af verkum frá árunum 1971 til 2016. Sýningarveggirnir eru þaktir frá gólfi og upp í loft með myndum sem eru hnitmiðaðar og skrípalegar, súr-realískar og táknrænar, en alltaf innan þess þrönga ramma sem er einkennandi fyrir tvíeykið. Kynlíf, peningar, kynþáttur og trúarbrögð eru meðal viðfangsefna í listsköpun þeirra, þar sem sameinast hamingja og sorg, fegurð og merking.

Gilbert, sem fæddist árið 1943 í ítölsku Dólómítafjöllumunum, og George, fæddur 1942 í Plymouth í Englandi, hafa áriðandi tilgang með ögrandi list sinni: „að afhjúpa innri hleypidóma frjálshyggjufólksins og öfugt; að afhjúpa innri frjálshyggjumann einstrengingsins.“ Gilbert & George hafa búið og starfað í sama hverfinu í London í yfir fimm áratugi og fylgst með breytingum á því tímans rás. Þeir klæðast nánast samstæðum, óaðfinnanlegum jakkafötum og eru að jöfnu leyti viðfangsefni og markmið – ósýnileg eining sem helgar sig, og líf þeirra saman, listinni skilyrðislaust. Hversdagslíf Gilberts & Georges er jafn skapandi og það er þaulskipulagt. Með því að helga sig grein sem er jafn hárnákvæm og hún er skapandi, með því að lifa lífinu heima og á vinnustofunni á einfaldan og stéttlausan hátt, hafa þeir skapað rými fyrir algjört sköpunarbrjálæði. Þönkarar og þjóðernissinnar, þjóðdansar og sprenghjúr, haustlauf og einkamálaauglýsingar – þekktasta tvíeyki listaheimsins virðir veröldina sem umlykur okkur öll fyrir sér með kjarkmiklu og sérstæðu augnaráði sínu.

**„Þeir hafa verið einir sýnilegustu listamenn heimsins í meira en hálfa öld. Þetta kemur ekki á óvart þar sem endurtekin stef í list þeirra gætu ekki verið meiri undirstaða í lífi mannfólksins; stjórnmál, trúarbrögð, kynferði og fegurð. Þegar öllu er á botninn hvolfst snýst list þeirra um sjálft mannlífið.“**

– Daniel Birnbaum og Hans Ulrich Obrist.

# Introduction

Two individuals – one artist. For more than fifty years Gilbert & George have created art placing themselves as both subject and object. In *The Great Exhibition*, the artists have selected pictures mirroring their art, just as captivating as it is prolific.

Ever since they first met at the Saint Martin's School of Art, Gilbert & George have been inseparable, both professionally and privately. This was in 1967 and while London was swinging, Gilbert & George were unmoved by current trends. Instead, they donned immaculate attire – their “responsibility suits” – and embarked on a voyage to challenge the conventions of art and society with a blatant disregard for any notions of “good taste”.

Fearless and straight to the point, their art has the power to unsettle the viewer. *The Great Exhibition* comprises works from the period 1971 to 2016. The exhibition is packed from floor to ceiling with pictures that are grotesque and terse, surrealistic and symbolic, but consistently within the strict grid that is emblematic of the duo. Sex, money, race, and religion are among the subjects of their art, which succeeds in combining happiness and sadness, beauty and meaning.

Gilbert, born in 1943 in the Italian Dolomites, and George, born in 1942 in Plymouth, UK, have an express purpose with their provocative art: “to reveal the inner-bigotry in the libertarian, and conversely to reveal the inner-libertarianism in the bigot”. Gilbert & George have lived and worked in the same London neighbourhood for more than five decades, noting how it has changed over time. Dressed in almost matching, immaculate suits, the two are in equal parts subject and object – an indivisible unit, unconditionally devoting themselves and their life together to art. The everyday life of Gilbert & George is as creative as it is rigorously ordered. By committing themselves to a discipline as rigorous as it is creative, keeping their life at their home and studio to simple classless routines, they have made room for total creative madness. Punk rockers and nationalists, folk dance and bombs, autumn leaves and personal ads – with their fearless and singular common gaze, the most iconic duo of the art world probes the world that surrounds us all.

***“For over half a century, they have been among the most visible artists on the planet. This is not surprising, since the recurring themes in their art could not be more fundamental to us humans: politics, religion, sexuality and beauty. Ultimately, what their art is about is human life itself”.***

**– Daniel Birnbaum and Hans Ulrich Obrist.**

# Merkingin í list okkar

## LIST FYRIR ALLA

Við viljum að list okkar seilist yfir landamæri þekkingarinnar, beint til fólksins og snúist um líf þeirra en ekki þekkingu þeirra á list. Bölvun tuttugustu aldarinnar var list sem enginn getur skilið. Hinir úrkynjuðu listamenn standa út af fyrir sig, með nokkrum útvöldum vinum, þeir hlæja og afskrifa hinn venjulega mann. Að okkar mati er torskilin og óræð list sem er heltekin af formum spillt og grimmdarleg afneitun á lífi fólks.

## FRAMFARIR Í GEGNUM VINÁTTU

List okkar er vináttan á milli myndanna og áhorfandans. Hver mynd lýsir „sérstöku sjónarhorni“ sem áhorfandinn getur velt fyrir sér í ljósi síns eigin lífs. Hið sanna hlutverk listarinnar er að koma á framfæri nýjum skilningi, framförum og þróun. Hver einasta manneskja á jörðinni er sammála því að full þörf sé á úrbótum.

## TUNGUMÁL TIL MERKINGAR

Við fundum upp okkar eigið sjónræna tungumál og erum stöðugt að endurbæta það. Við viljum nýta aðgengilegustu form nútímans til að skapa nútímalegasta myndmál okkar tíma. List-efnið verður að þjóna merkingu og tilgangi myndarinnar. Við búum til myndir til að breyta fólki en ekki til að fagna því hvernig það er.

## LÍFSKRAFTARNIR

Sönn list sprettur frá lífskröftunum þremur. Þeir eru: HÖFUÐIÐ SÁLIN KYNFERÐIÐ

Í lífi okkar eru þessi öfl sífellt á hreyfingu og iði og raða sér á sibreytilegan hátt. Allar myndir okkar eru frosin birtingarmynd einhverrar slíkrar „uppröðunar“.

## HEILDIN

Þegar mannvera fer á fætur á morgnana og ákveður hvað hún ætli að gera og hvert hún ætli að fara er hún að finna ástæðu sína eða afsökun fyrir að halda áfram að lifa. Við sem listamenn þurfum ekki að gera neitt annað. Við viljum læra að sýna „heildinni“ virðingu og heiðra hana. Inntak mannlegs lífs er viðfangsefni okkar og innblástur. Alla daga stöndum við fyrir góðum siðvenjum og nauðsynlegum breytingum. Við viljum finna og meðtaka allt hið góða og slæma í okkur sjálfum. Til að menning megi þróast hefur alltaf komið til kasta hinna „gefandi einstaklinga“. Við viljum úthella eigin blóði, hugmyndum og sæði í ævilangri leit okkar að nýrri merkingu og tilgangi til að ljá lífinu.

Gilbert & George 1986

# What Our Art Means

## **ART FOR ALL**

We want Our Art to speak across the barriers of knowledge directly to People about their Life and not about their knowledge of art. The 20th century has been cursed with an art that cannot be understood. The decadent artists stand for themselves and their chosen few, laughing and dismissing the normal outsider. We say that puzzling, obscure and form-obsessed art is decadent and a cruel denial of the Life of People.

## **PROGRESS THROUGH FRIENDSHIP**

Our Art is the friendship between the viewer and our pictures. Each picture speaks of a "Particular View" which the viewer may consider in the light of his own life. The true function of Art is to bring about new understanding, progress and advancement. Every single person on Earth agrees that there is room for improvement.

## **LANGUAGE FOR MEANING**

We invented and we are constantly developing our own visual language. We want the most accessible modern form with which to create the most modern speaking visual pictures of our time. The art-material must be subservient to the meaning and purpose of the picture. Our reason for making pictures is to change people and not to congratulate them on being how they are.

## **THE LIFE FORCES**

True Art comes from three main life-forces.

They are:

THE HEAD

THE SOUL


THE SEX

In our life these forces are shaking and moving themselves into everchanging different arrangements. Each one of our pictures is a frozen representation of one of these "arrangements".

## **THE WHOLE**

When a human being gets up in the morning and decides what to do and where to go he is finding his reason or excuse to continue living. We as artists have only that to do. We want to learn to respect and honour "the whole". The content of mankind is our subject and our inspiration. We stand each day for good traditions and necessary changes. We want to find and accept all the good and bad in ourselves. Civilisation has always depended for advancement on the "giving person". We want to spill our blood, brains and seed in our life-search for new meanings and purpose to give to life.

Gilbert & George 1986



Queer, 1977 | 301 x 251 cm



# Fyrstu verk

# Early Works

Alveg síðan seint á sjöunda áratugnum hafa Gilbert & George séð sjálfa sig sem órjúfanlegan hluta listar sinnar. Sem ungir myndlistarmenn án vinnustofu, peninga eða stuðnings frá yfirvöldum, áttuðu þeir sig á því að þeir sjálfir væru besti miðillinn og að þeir ættu að miðla listrænni sýn sinni sem lifandi skúlptúrar.

Þeir urðu þekktir fyrir „söngskúlptúra“ sína: Óaðfinnanlega klæddir, í jakkafötum og með bronsuð andlit sungu þeir „Underneath the Arches“; kvæði frá 1932 um heimilisleysi á tímum heimskreppunnar. Drykkja og ólvun voru meginstef í fyrri verkum þeirra. Með revíutónlist, sveitalífsmyndum og óskýrum myndum af drykkju lögðu Gilbert & George af stað með „list fyrir alla“ sem mottó.

Í kringum 1974 hófu Gilbert & George að skipuleggja myndir sínar í reiti, sem hefur verið einkenni þeirra fram á þennan dag. Síðan þá hefur nærri öll vinna þeirra verið í myndaröðum og þeir sjálfir birtast í nánast öllum myndunum. Myndirnar frá því seint á áttunda áratugnum sýna niðurnídda London í félagslegu umróti. Í veggjakroti fundu Gilbert & George tafarleysi sem samtímalistina skorti.

Ever since the late 1960s, Gilbert & George have seen themselves as an inseparable part of their art. As young sculptors without a studio, money or support from the establishment, they realised that they themselves were their own best medium, and that they could communicate their artistic vision as living sculptures.

They became known for their “Singing Sculptures”: impeccably dressed in suits, with bronzed faces, singing to “Underneath the Arches”, a ditty from 1932 about homelessness during the Depression. Drinking and drunkenness was a central theme in their early works. With vaudeville music, pastoral views and blurred pictures of drinking, Gilbert & George were well on the path of “art for all”, as is their motto.

Around 1974, Gilbert & George began organising their pictures in the grid that has come to be their signature, and which they continue to use to this day. Since then, nearly all their work is serial, and they appear in person in practically all their images. The pictures from the late 1970s portray a dilapidated London in social upheaval. Gilbert & George found in graffiti an immediacy that was lacking in contemporary art.



Youth Faith, 1982 | 302 x 301 cm

# Níundi áratugurinn The 1980s

Heimilið og vinnustofan á Fournierstræti hafa verið miðpunkturinn í listsköpun Gilberts & Georges síðan þeir fluttu þangað árið 1968. Fyrst leigðu þeir jarðhæðina en keyptu alla bygginguna um miðjan áttunda áratuginn. Það var á Fournierstræti sem Gilbert & George þróuðu einstaka aðferð sem gerði þeim kleift að skapa stórar og flóknar myndir. Þeir byggðu á nákvæmum skissum, röðuðu saman negatífum og vörpuðu þeim á ljósmyndapappír. Síðan framkölluðu þeir myndirnar og handlituðu hverja fyrir sig. Það var ekki fyrr en allur pappírinn var tilbúinn, innrammaður og búið að setja hann saman, sem hægt var að sjá myndina í heild sinni. Þetta reitakerfi gerði þeim líka auðveldara að flytja verk sín og sýna þau og í kjölfarið náðu þeir til fleiri áhorfenda. Árið 1990 fóru þeir til dæmis með sýningu til Sovétríkjanna og árið 1993 til Kína.

Núna urðu myndirnar jafnvel enn stærri og meira áberandi. Táknum hlaðin minni í skærum litum tókust á við viðtekin viðhorf til kynferðis, trúarbragða og sambanda. Litir urðu grundvallaratriði í stíl Gilberts & Georges, hvort sem þeir notuðu þá til að tjá sig, skapa stemningu eða táknrænt. Burtséð frá því hve fallegar myndir þeirra eru, er þeim ekki ætlað að þjóna fagurfræðilegu, forbundnu eða hugtakslegu hlutverki – innihaldið er það sem skiptir máli.

The home and studio on Fournier Street has been at the centre of Gilbert & George's art ever since they moved there in 1968. They originally rented the ground floor but went on to buy the whole building in the mid-1970s. It was on Fournier Street that Gilbert & George developed a unique technique that enabled them to make large, complex pictures. Based on detailed sketches, negatives were arranged and exposed onto all of the photographic papers mounted together. These were in turn developed and hand-coloured one by one. It was only when all the papers had been completed, framed and reassembled that the resulting picture could be seen. This system of panels also made their monumental works easy to transport and exhibit, meaning that they could reach larger audiences. In 1990, for instance, they took their art to the Soviet Union, and to China in 1993.

Their pictures now grew even larger and bolder. Symbol-laden motifs in loud colours challenged norms on sex, religion and relationships. Colour became an essential part of Gilbert & George's style, used either expressively, to set the mood, or symbolically. No matter how beautiful their pictures are, they are not intended to be aesthetic, formalistic or conceptual – their content is what matters.



# Líf og dauði

# Life and Death

Aðalmyndefni þeirra fangar víðtæka, mannlega reynslu og felur í sér vítt svið tilfinninga og viðfangsefna, allt frá litríkum viðmyndum til hrárrar rannsóknar á mannkyninu; frá kynlífsauglýsingum til ofsatrúar.

Gilbert & George takast oft á við stórar tilvistarspurningar í list sinni en þeir láta áhorfendum eftir að leita og skora sinn eigin sannleik á hólum og finna sín eigin svör. Þeir rannsaka og prófa tilfinningar sínar í listinni í samvinnu við áhorfandann. Þeir nota höfuð, sál og kynferði til að skapa myndina og hver áhorfandi þarf að nota höfuð, sál og kynferði til að skoða hana. Listaverkinu lýkur ekki fyrr en áhorfandinn stendur fyrir framan það.

Allt frá byrjun hafa Gilbert & George starfað handan við viðurkennd mörk listaheimsins, af nauðsyn og vegna þess að þeir kjósa það. Þeir vilja setja sínar eigin reglur í staðinn fyrir að fylgja reglum annarra. Þeir hafa alltaf gagnrýnt yfirvöld sem gefa sig út fyrir að búa yfir lausnum á stóru spurningum lífsins. Þeir hafna öllum trúarbrögðum en hafa áhuga á að skoða hvernig slík trúarkerfi hafa áhrif á líf okkar. Ágengar, stórfenglegar myndir þeirra eru nútímalegt tilbrigði við trúarlegt myndmál á borð við steinda kirkjuglugga.

The central themes of their pictures capture a broad human experience, encompassing a range of emotions and themes, from brightly-coloured panoramas to raw examinations of humanity; from sex advertisements to religious fundamentalism.

Gilbert & George often deal with the big existential questions in their art, but they leave it to the viewers to seek and challenge their own truths and find their own answers. With the viewer, they explore and test their feelings in their art. They use their heads, souls and sex to make a picture, and every viewer has to use their head, soul and sex to view it. The artwork is only finished when there is a viewer in front of it.

From the start, Gilbert & George have operated beyond the given structures of the art scene, from necessity and preference. They chose to make their own rules instead of following those of others. They have always questioned authorities that claim to have the solution to life's major questions. They reject all religions but are interested in how such belief systems influence our lives. Their obtrusive, monumental pictures offer a contemporary alternative to religious imagery such as stained-glass church windows.



*Piss Garden*, 1998 | 151 × 127 cm

# Líkaminn

# The Body

Um miðjan tíunda áratuginn beindist athygli Gilberts & Georges að mannlíkamanum og vessum hans. Í „Nöktum saurmyndum“ sýndu þeir nakta líkama sína frá öllum hliðum og saur með. Þeir keyptu smásjá og upp-götvuðu ný form í vessum á borð við þvag, svita og sæði. Þeir komust að því að saur tjáir dauðleika okkar afar skýrt. Hann er dauða efnið sem við skiljum eftir okkur.


Eyðnifaraldurinn breytti líkamanum í hug-myndafræðilegan vígvöll og alda nýrrar sið-fræði reið yfir hinn vestræna heim. Gilbert & George eru ófeimnir við að sýna nakta líkama sína og horfa á okkur út úr myndunum.

Nektin er fullkomin andstæða við jakkafötin sem listamennirnir klæðast alltaf. Formleg framkoma þeirra ljáir nektarmyndunum enn meiri kraft. Gustave Flaubert lýsti þessu einu sinni svona: „Maður verður að vera skipulagður og eðlilegur í hegðun eins og góðborgari til að geta verið árásgjarn og frumlegur í vinnunni.“

In the mid-1990s, the nude body and its excretions became the focus of Gilbert & George. In “The Naked Shit Pictures”, their undressed bodies are displayed from every angle together with excrement. They bought a microscope and discovered new shapes in body fluids such as urine, sweat and sperm. They found that excrement expresses our mortality in its most direct form. It is the dead matter that we leave behind.

The AIDS epidemic turned the body into an ideological battlefield, and a wave of new moralism swept the western world. Gilbert & George unashamedly expose their naked bodies and look back at us from the pictures.

Nakedness contrasts starkly with the suits the artists are known to always wear. Their formal demeanour gives the naked pictures their expressive power. Gustave Flaubert once described this position when he wrote: “You must be regular and natural in your habits like a bourgeois, that you may be violent and original in your work.”





# 50 ár stöðugra breytinga

# 50 Years of Constant Change

Í yfir fimmtíu ár hafa Gilbert & George fylgst með síbreytilegu lífinu í London og myndað það í öllum mögulegum formum; frá hinu sorglega og örvæntingarfulla til hins skoplega eða alsæla. Þeir hafa safnað veggspjöldum og einkamálaauglýsingum, nafnspjöldum og haustlaufum; hlutum sem hafa tengst íbúum borgarinnar eða sem þeir hafa skilið eftir sig. Þúsundir fyrirsagna úr dagblöðum og reikninga sýna okkur mannlegar aðstæður.

Gilbert & George rísa gegn bannhelgi í samfélaginu og siðapredikunum. Þeir varpa ljósi á blinda bletti samfélagsins og sýna okkur það sem við kjósum kannski frekar að hundsá. Þetta birtist allt skýrt í röðinni „Blórabögglamyndir“ sem sýnir notuð hlátur-gashylki, sprengingar og hatursorðræðu. Í „Skeggmyndum“ skreyta þeir skegg af öllum stærðum og gerðum. Skeggið er í senn orðið tákn hipstera og róttækra múslima.

Gilbert & George hafa alltaf uppfært sköpunaraðferðir sínar eftir því sem tækninni fleygir fram. Upp úr 2000 hófu þeir að vinna myndir sínar stafrænt og með því opnuðust fleiri möguleikar.

For more than 50 years, Gilbert & George have witnessed the ever-changing life of London and depicted it in all its forms, from the tragic and desperate to the comic or euphoric. They have collected posters and classifieds, business cards and autumn leaves: things that have been connected to, or left behind by, the people in the city. Thousands of gathered newspaper headlines and bills together express the conditions of life.

Gilbert & George challenge social taboos and moralism. They highlight society's blind spots and portray that which we might prefer to ignore. It all comes to head in the series "Scapegoating Pictures", depicting discarded nitrous oxide canisters, bombings and hate speech. In "The Beard Pictures", they adorn beards of all shapes and sizes. The beard has come to be a symbol both for hipsters and radicalised Muslims.

Gilbert & George have always updated their creative methods with the latest technology. In early 2000s, they began creating their images digitally, giving them new potential.



**THE**

**GREAT**

**EXHIBITION**

**GILBERT & GE**

**LISTASAFN REYKJAVÍK**



# Sýningarskrá

## Exhibition

## Catalogue

Hægt er að kaupa veglega sýningarskrá í safnbúð Listasafns Reykjavíkur.

An extensive exhibition catalogue is available at the RAM museum shop.

Gilbert & George  
The Great Exhibition  
Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhúsi  
06.08.2020–03.01.2021

Sýningarstjórar  
Curators  
Daniel Birnbaum  
Hans Ulrich Obrist

Textar Texts  
Moderna Museet í Stokkhólmi  
Gilbert & George

Allar myndir All images  
©Gilbert & George

Upplýsingar um leiðsagnir og dagskrá  
á heimasíðu safnsins. Stórir og smáir  
hópar geta bókað sérleiðsögn.  
Information on guided tours and programme  
on museum website. Small or large groups  
can book guided tours.

Sýningin er hluti af  
Listahátíð í Reykjavík árið 2020  
The Exhibition is a part of  
Reykjavik Arts Festival 2020



LISTAHÁTIÐ Í  
REYKJAVÍK

Listasafn Reykjavíkur þakkar Gilbert & George fyrir sérstaklega ánægjulegt samstarf og örlæti í garð verkefnisins. Þeim söfnum og söfnurum sem lánuðu verk á sýninguna er færðar sérstakar þakkir. Sýningin er skipulögð af LUMA sjóðnum í Arles og Moderna safninu í Stokkhólmi í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur og Astrup Fearnley safnið í Ósló. Sýningin og ferð hennar á milli landa hefði ekki orðið að veruleika án þrotlausrar staðfestu aðstoðarmanna Gilberts & George þeirra Yu Yigang og Umut Yamac og starfsmanna safnanna, einkum þeirra Luz Gyalui og Yean Fee Quay, framkvæmdastjóra sýninga hjá Listasafni Reykjavíkur. Sýningin var sett upp á vegum LUMA í Arles og Zürich, í Moderna í Stokkhólmi og Astrup Fearnley í Ósló áður en hún kom til Reykjavíkur.

The Reykjavik Art Museum wishes to thank Gilbert & George for their generosity and dedication to this project. Our thanks also go to museums and private collectors who kindly lent works for the exhibition. The exhibition is organized by the LUMA Foundation and Moderna Museet in Stockholm in collaboration with the Reykjavik Art Museum and Astrup Fearnley museum in Oslo. The exhibition and its travel would not have come to light without the steadfastness of Gilbert & George's great assistants Yu Yiang and Umut Yamac and the producers/organizers Luz Gyalui and Yean Fee Quay, exhibition manager at the Reykjavik Art Museum. The exhibition has been installed by the Luma foundation in Arles and Zürich, by Moderna in Stockholm and Astrup Fearnley in Oslo before coming to Reykjavik.



Hafnarhúsið  
Tryggvagata 17



SAFNARÁÐ  
The Museum Council of Iceland



listasafnreykjavikur.is  
artmuseum.is



#listasafnreykjavikur  
#reykjavikartmuseum